

Skylt er þeim sem ætla að sóttgreinsa nýfrjóvuguð hrogn að tilkynna það viðkomandi héraðsdýralækni eða fulltrúa Fisksjúkdómanefndar með rúmum fyrirvara. Kostnað við sóttgreinsun og eftirlit skulu eigendur hrognanna bera.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum, nr. 76 20. júní 1970, um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

## AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. grein laga nr. 108 31. desember 1973, sbr. lög nr. 80 23. júní 1969, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknisstarfi við heilsugæslustöð fulla 6 mánuði að loknu námi í læknaeild og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 63 29. mars 1963, með síðari breytingum, er hér með úr gildi felld. Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1978.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

## 1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.

Fósturskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Hjúkrunarskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Iðnskólar, framhaldsdeildir, 2. og 3. ár.

Íþróttakennaraskóli Íslands.

Leiklistarskóli Íslands.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Nýi hjúkrunarskólinn, 2. og 3. ár.

Stýrimannaskólar.